

Föstudaginn 19. júní 1936.

Nr. 68/1936. **Sturla Jónsson** (Lárus Fjeldsted)
gegn

Hrefnu Sigurgeirsdóttur, Jóni Arinbjörnssyni, Helgu Sigurgeirsdóttur og Geir Pálssyni (Enginn).

Dómi í skuldamáli áfrýjað til staðfestingar.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 18. apríl 1936: Stefnð, Hrefna Sigurgeirsdóttir, Jón Arinbjörnsson, Geir Pálsson og Helga Sigurgeirsdóttir, greiði eitt fyrir öll og öll fyrir eitt, stefnandanum, Lárusi Fjeldsted, f. h. Sturlu Jónssonar, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá 15. júní 1935 til greiðsludags, $\frac{1}{3}$ % upphæðarinnar í þóknun, kr. 14.10 í afsagnarkostnað og kr. 238.10 í málskostnað — allt innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Af hálfu hinna stefndu hefir ekki verið mætt í máli þessu, enda þótt þeim hafi verið löglega stefnt. Hefir málið því verið flutt skriflega samkvæmt 1. tölulið 38. gr. hæstaréttarlaganna, og er það dæmt eftir framlögðum skjölum og skilríkjum samkvæmt N.L. 1—4—32 og 2. gr. tilsk. 3. júní 1796.

Áfrýjandi, sem skotið hefir máli þessu til hæstaréttar með stefnu útgefinni 20. f. m. til þingfestingar í þessum mánuði, hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi, og að hin stefndu verði in solidum dæmd til þess að greiða honum málskostnað fyrir hæstarétti að skaðlausu eftir framlögðum reikningi.

Með því að engir þeir gallar eru á hinum áfrýjaða dómi eða meðferð málsins í héraði, er brjótí í

bága við staðfestingarkröfu áfrýjanda, ber að taka hana til greina.

Hin stefndu tóku út áfrýjunarstefnu í máli þessu þann 18. f. m. til þingfestingar í septembermánuði næstkomandi, og hafði áfrýjandi því ástæðu til þess að áfrýja málinu til staðfestingar. Verður því að dæma hin stefndu in solidum til þess að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir hæstarétti, er þykir hæfilega ákveðinn 300 krónur.

Þvi dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur staðfestist.

Hin stefndu, Hrefna Sigurgeirsdóttir, Jón Arinbjörnsson, Helga Sigurgeirsdóttir og Geir Pálsson, greiði in solidum áfrýjanda, Sturlu Jónssyni, 300 krónur í málskostnað fyrir hæstarétti.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað fyrir gestaréttinum með stefnu, birtri 23. f. m. af hrm. Lárusi Fjeldsted, f. h. Sturlu Jónssonar, hér í bæ, gegn Hrefnu Sigurgeirsdóttur, Laugavegi 68, Jóni Arinbjörnssyni s. st., Geir Pálssyni, Garðastræti 17 og Helgu Sigurgeirsdóttur s. st., öllum hér í bænum, til greiðslu vixils að upphæð kr. 2000.00, útgefins 15. maí 1935 af stefndum Jóni og samþykkt af stefndri Hrefnu, til greiðslu í Landsbankanum hér í bæ 15. júní 1935, en á vixli þessum, sem afsagður var sökum greiðslufalls 17. júní 1935 eru stefnd Geir og Helga ábekingar.

Hefir stefnandi krafizt þess, að stefnd verði in solidum dæmd til að greiða sér upphæð vixilsins, kr. 2000.00 með 6% ársvöxtum frá gjalddaga hans til greiðsludags, $\frac{1}{2}$ %

upphæðarinnar í þóknun, kr. 14.10 í afsagnarkostnað og málskostnað að skaðlausu. Nemur hann eftir framlögðum reikningi, sem kemur heim við aukatekjulögin og lágmarks-gjaldskrá málaflutningsmannafélagsins kr. 238.10.

Stefnd hafa látið mæta, en hafa engum andmælum hreyft gegn framangreindum kröfum stefnanda, og þar sem stefnandi hefir lagt fram frumrit vixilsins með fram-sali til handhafa, svo og afsagnargerð, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti.

Föstudaginn 19. júní 1936.

Nr. 140/1934. Steindór Einarsson

(Garðar Þorsteinsson)

gegn

**Bæjarstjóra Hafnarfjarðar f. h. bæj-
arsjóðs Hafnarfjarðar.**

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Útsvarsmál.

Úrskurður fúgetaréttar Hafnarfjarðarkaupstaðar 10. sept. 1934: Hið umbeðna lögtak nái fram að ganga á kostnað gerðarþola, en á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Dómur hæstaréttar.

Árið 1933 lagði Hafnarfjarðarkaupstaður útsvar að upphæð kr. 2200.00 á „Bifreiðastöð Steindórs í Hafnarfirði“, sem var eign áfrýjanda máls þessa, Steindórs Einarssonar bifreiðarstöðvareiganda í Reykjavík. Hafði verið lagt útsvar á stöð þessa í Hafnarfirði frá því 1923 og jafnan greitt ágreiningslaust, að því er virðist. Útsvarið frá 1933 kærði áfrýjandi til niðurrjðfnunarnefndar og síðar yfirskattanefndar til lækunar. Úrskurðaði yfirskattanefnd að útsvarið skyldi lækka um kr. 500.00, nið-